

## AUGLÝSING

### um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 2. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni nr. 16/1986 er ávísun lækna á

Amphetaminum;  
Dexamphetaminum;  
Metamphetaminum;  
Methylphenidatum;  
Pemolinum,

takmörkuð sem hér segir.

1. Ávísanir lækna skulu einungis ætlaðar sjúklingum, er þjást af eftirtöldum sjúkdómum:
  - 1.1. Narcolepsia
  - 1.2. Hyperkinesis
  - 1.3. Retardio mentis
  - 1.4. Epilepsia
  - 1.5. Parkinsonismus
  - 1.6. Aðrar mjög mikilvægar ástæður.
2. Leyfi þarf til að ávís megi þeim lyfjum, er að framan greinir. Sækja skal um slík leyfi til landlæknis. Leyfisumsókn skal fylgja rökstuðningur læknis, sbr. 1. tölulið að framan og skal auk nafns sjúklings, greint frá fæðingardegi, ári og nafnnúmeri. Landlæknir gefur út leyfi til tiltekins tíma, allt að 5 árum, í formi lyfjakorts, sem sjúklingur skal framvísa lækni og lyfjabúð. Landlæknir sendir Lyfjaeftirliti ríkisins tilkynningu um sérhvert leyfi, sem gefið er út eða er afturkallað.
3. Óheimilt er að ávís í síma lyfjum þeim, er að framan greinir.
4. Innflutningur ofangreindra lyfja er bundinn innflutningsleyfum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 390/1974. Innflutningsleyfi eru gefin út af lyfjamáladeild ráðuneytisins.
5. Fyrirmæli auglýsingar þessarar um takmörkun lyfjaávísana eiga við afgreiðslu lyfja, hvort sem er innan eða utan sjúkrastofnana.
6. Landlæknir getur afturkallað leyfi til þess að sjúklingi sé ávísað lyfjum þessum, ef hann telur að hlutadeigandi hafi brotið í bága við fyrirmæli auglýsingar þessarar, villt á sér heimildir eða aðrar mikilvægar ástæður mæla með afturköllun.
7. Læknum og lyfjabúðum er skylt að halda eftir ógildum lyfjakortum, sem framvísað er og senda landlækni. Með brot gegn auglýsingu þessari fer skv. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Fyrirmæli auglýsingar þessarar öðlast gildi þegar í stað til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 293, 1. ágúst 1978 um sama efni.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. febrúar 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingólf J. Petersen.*